

## Fundargerð

Þriðjudaginn 21. október 2008 kl. 16:30 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún., á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Jón Gíslason, Valgeir Karlsson og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

- 1. Fjárhagsáætlun 2008 frh.**
- 2. Viljayfirlýsing við Greenstone**
- 3. Framvinda hjá Hkjarna**
- 4. Önnur mál**

### Afgreiðslur:

**1. Fjárhagsáætlun 2008 frh.**

*Farið var yfir tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2008.*

*Fjárhagsáætlun samþykkt.*

**2. Viljayfirlýsing við Greenstone.**

*Framkvæmdastjóri kynnti drög að viljayfirlýsingu við Greenstone um samstarf um könnun á uppsetningu netþjónabús í A-Hún. Stjórnin felur formanni og framkvæmdastjóra að ganga til viðræðna við Greenstone um sameiginlega viljayfirlýsingu.*

**3. Framvinda hjá Hkjarna ehf.**

*Framkvæmdastjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun og verkáætlun fyrir Hkjarna ehf.*

**4. Önnur mál**

*Engin önnur mál*

*Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 18:00.*